

Borgarráð

***Stýrihópur og ráðgjafahópur um innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar***

Drög að erindisbréfi stýrihóps um innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar hjá Reykjavíkurborg er lagt fram til staðfestingar borgarráðs. Óskað er eftir að borgarráð tilnefni þrjá fulltrúa í stýrihópinum sem ber ábyrgð á að skilgreina hvert beri að stefna í innleiðingunni hjá fagsviðum og miðlægum skrifstofum Reykjavíkurborgar. Einnig eru lögð fram til kynningar drög að erindisbréfi ráðgjafahóps um innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar hjá Reykjavíkurborg.

Greinargerð:

Þann 18. janúar 2018 var samþykkt tillaga í borgarráði um að fela sviðsstjórum ábyrgð á innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar í þeim tilgangi að hraða þessari innleiðingu sem staðið hefur frá árinu 2011. Samþykkt var að skipað yrði teymi á hverju sviði sem hafa myndi umsjón með innleiðingu verkefnisins. Í umfjöllun um málið kom fram hugmynd um stofnun pólitísks stýrihóps sem skilgreini framtíðarsýn, áherslur og meginmarkmið Reykjavíkurborgar í þessi verkefni og hafi eftirlit með framkvæmdinni þvert á borgina. Þá er gert ráð fyrir að stýrihópurinn geti kallað eftir gögnum um framvindu verkefnisins og geri borgarráði reglubundið grein fyrir stöðunni.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi stýrihóps um innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg.

Drög að erindisbréfi ráðgjafahóps um innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg.

